Fundur ferðaþjónustunnar í Uppsveitum Árnessýslu og SAF um auknar álögur á ferðaþjónustuna,

5. október 2026 kl. 15:00.
Haldinn í Efsta-Dal II

Mætt:

Sveitarfélögin: Helgi Kjartansson, Haraldur Þór Jónsson, Sylvía Karen Heimisdóttir, Jón Bjarnason, Ásta Stefánsdóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir, Rakel Theodórsdóttir.

SASS: Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Markaðsstofa Suðurlands: Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri

Ferðaþjónustan: Knútur Rafn Ármann, Dórothea Ármann, Ásborg Ósk Arnþórsdóttir, Bárður Örn Gunnarsson, Herbert Hauksson, Ólöf Einarsdóttir, Tinna Sigurðardóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Linda Snæbjörnsdóttir, Sölvi Arnarson, Ísak Eyfjörð Arnarson

SAF: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri. Pétur Óskarsson, formaður.

Rakel, byggðaþróunarfulltrúi, setti fund og bauð fundarmenn velkomna og greindi frá tilurð fundarins, sem er áformuð gjaldtaka á þremur áfangastöðum á Gullna hringnum (GH) og afstaða SAF í málinu í tilefni af ummælum frá fundi með atvinnuvegaráðherra, sem og hækkun vsk. á baðlón úr 11% í 24%.

Ása Valdís Árnadóttir tók við fundarstjórn. Ásta Stefánsdóttir ritaði fundargerð.

Jóhannes Þór fór yfir aðkomu SAF að vinnu frumvarpsdraganna. Búið sé að vera að ræða útfærslur á náttúru- og innviðagjaldi við ráðuneytið frá því í janúar 2025. Kom til í framhaldi af birtingu stjórnarsáttmálans í desember 2024. Vísaði hann til stefnu Samfylkingarinnar um að innheimta gjald af 10-15 áfangastöðum í eigu ríkisins sem kynnt hafi verið í fundarherferð þeirra um landið. Í viðræðum við stjórnarmyndun var rætt um hækkun vsk. af ferðaþjónustunni eins og hún lagði sig. SAF var viðbúið þessu útspili og hafði ma. látið vinna skýrslu árið 2024 um áhrif þess að gera þetta. Þessi áform voru lögð til hliðar og Samfylkingin lagði þá áherslu á auðlindagjald af ferðaþjónustu. SAF fundaði í framhaldi af þessu með ráðuneytinu. Bent hafi verið á fyrri tilraunir hvað varðar náttúrupassa og það væri ekki nokkur áhugi fyrir slíku svo og að þrjú atriði þyrftu að vera til staðar, þ.e. að mark verði að vera tekið á því hvað sagt verði um hvernig svona hlutir þurfi að virka, s.s. 12 mánaða fyrirvari um gildistöku, ef það ætti að sækja allar þessar tekjur og kalla það auðlindagjöld þá þyrfti að fara með það eins og auðlindagjöld í sjávarútvegi og fjármagna markaðssetningu, uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum eða ferðamannaleiðum og fjármagna rannsóknir í greininni. Þessu var ágætlega tekið og í kjölfarið rætt frekar í samhengi við hvernig framkvæma eigi ferðamálastefnuna. Til dæmis að ekki sé sífellt um

að ræða ný gjöld án þess að önnur detti niður á móti. Fyrir ári síðan hafi vinna við drög að frumvarpi hafist, sem samt hafi aldrei verið sýnd SAF. Hópur þvert á ráðuneyti hafi verið stofnaður í byrjun þessa árs, en heyrst hafi að þá hafi ekki verið samstaða milli ráðuneyta um útfærslur. Ekkert af þessu hafi þó verið kynnt SAF á þeim tíma. Mikil áhersla sé úr forsætisráðuneytinu á að þetta gjald verði innheimt og hafi SAF verið minnt á það við öll tækifæri og tekið fram að þetta verði að veruleika. Allt þetta samtal hafi byggt á því að vsk. verði ekki hækkaður á ferðaþjónustu, en þetta komi í staðinn. SAF líti því svo á að ríkið hafi svikið loforð við ferðaþjónustuna, sem hafi komið fram hjá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Kristrúnu Frostadóttur við kynningu ferðamálastefnunnar. Þá er loks settur á samráðshópur um framtíðargjaldtöku af ferðaþjónustu. Varað hafi verið við ýmsu, svo sem að gjaldskylda á GH sé mjög vafasöm og GH sé sérstaklega viðkvæmur fyrir svona passa. Þarna var SAF komið í vinnu við skaðaminnkun og hafði ekki enn fengið að sjá frumvarpið. Þessi vinna rann svo út í sandinn. Í þessu ferli var einhvern tímann nefnt að fara ekki of vítt með gjaldtöku sem enginn vissi neitt um útfærslu á, þar hafi verið haft í huga einhverskonar þjóðgarðagjald, sem er þekkt víða. Engin sérstök beiðni um þetta fór frá SAF og haldi ráðherra því fram þá sé það rangt. Næst hafi heyrst að þrír ráðherrar hafi hist og ákveðið að þetta myndi bara gilda um GH. SAF veit ekki hvaðan hugmyndin kom eða hver rökin eru fyrir henni. Álagsstýring kann að liggja að baki, þó svo að ekki sé þess að finna stað í greinargerðinni, enda segir þar að ferðamönnum muni ekki fækka á GH. Stefna SAF hefur verið að reyna að gera vont mál skárra. Í upphafi mátti sjá glætu um að þetta gæti verið jákvætt, s.s. auðlindagjöld sem færu beint í verkefni innan greinarinnar og önnur gjaldtaka félli út á móti. Síðasta árið hefur sú von gufað upp. Staðan í dag er sú að SAF er á móti skattlagningunni og telur hana af mjög mörgum ástæðum vera slæman skatt og það sé röng nálgun að setja bara á GH, ekki sé tækifæri núna til að hækka skatt á ferðaþjónustu, hvað þá sem nemur um helmingi af heildarafkomu og ekki útlit fyrir batnandi afkomu á þessu ári. SAF er að skrifa umsagnir sem hafna þessu alfarið öllu saman. Umsögn í samráðsgátt um frumvarpsdrögin verður ítarleg. Ráðherrum hefur verið gerð grein fyrir því að ferðaþjónustan treysti ekki ríkisstjórninni. Erfiðara virðist vera að ná fram breytingum gagnvart þessari ríkisstjórn en þeim sem hafa setið á undan henni.

Ásborg: Upplifir þetta sem árás á þá sem starfa á þessu svæði og verið sé að etja fólki hér saman með því að henda SAF fyrir lestina. Áherslan á dreifingu sé svo röng með þessum hætti og að gjaldinu sé beint gegn þessu svæði til að dreifa ferðamönnum. Hér hafa flottir aðilar byggt upp þjónustu, fullt af stoppistöðvum, hefur ekki gerst af sjálfu sér og gerst í samstarfi við ferðaskipuleggjendur. Viljum að fólk fari út um allt og Suðurland hefur fundið fyrir því með útvíkkun á ferðaleiðum. Við viljum bjóða fólk velkomið en ekki segja því að fara bara eitthvað annað. Aðrir séu ekki tilbúnir að taka við þessu og allra síst allt árið. Betri hugmynd væri allir þjóðgarðarnir.

Knútur: Hissa, reiður og sár og svekktur. Ósvífið að henda einu svæði fyrir rútuna. Þetta mun aldrei ganga upp, engin fagleg vinna á bakvið. Ráðherra vildi meina þetta hóflega gjaldtöku, en Knútur setur spurningamerki við það. Hvað áhrif hefur þetta á fjölda gesta.

Mönnun skiptir mjög miklu í ferðaþjónustu og gæðin fara í vaskinn ef ekki er rétt mannað. Þurfum að leggjast á eitt um að koma með betri lausn. T.d. að þetta gildi fyrir alla þjóðgarða ríkisins.

Jóhannes: Sammála því sem kom fram um dreifinguna. Hafa haldið ráðstefnu um álagsstýringu í ferðaþjónustu. Hafa tekið saman lærdóm úr því og munu gefa út í minnisblaði sem kemur mögulega út á morgun. Grundvallaratriði er að horfa á „ground up“, þ.e. hvaða áskoranir eru á viðkomandi svæðum og ef svarið er já að það þurfi að stýra aðgengi þá er skoðað hvað skuli þá gera. Líkt og hefur verið unnið með á t.d. Geysir með lagningu á nýjum stíg sem opnar fyrir hringumferð og mismunandi verð á bílastæðum á Þingvöllum, til að stýra. Við gjaldtaka til tekjuöflunar fyrir ríkið er ekki góð álagsstýring. Áhrifamat hefur ekki verið unnið, ekki heldur á hækkun vsk. á baðlón. Engar greiningar verið gerðar. Tillaga um þjóðgarðapassa, þeim mun betra ef allir segja sama hlutinn við þingið. Þjóðgarðapassi hafði verið nefndur, en ekki vel tekið í ráðuneytinu. SAF er líka með fyrirtæki sem starfa í Vatnajökulsþjóðgarði og getur illa lagt slíkt til. Það væri þó skynsamlegri nálgun að það væru fleiri staðir í passanum. Í gangi er greining á því hvað þurfi að eyða miklu fé í markaðssetningu.

Haraldur Þór: Hefur orðið meira var við það hvað það er stöðugt vegið að landsbyggðinni. Vill byggja á gögnum og finna lausnir. Er alveg sammála mati JÞ um að þessi skattur muni verða lagður á. Forsætisráðherra er á móti ferðaþjónustu sem hún segi að sé mannaflafrek grein og skili engum hagvexti. Það sé ekki rétt. Ferðaþjónustan hafi gert það að verkum að landsbyggðin sé að ná lífsgæðum sem séu samkeppnisfær. Gjaldið á GH muni leiða til efnahagslegra hamfara. Fækkun hér skapi stórkostlegar áskoranir á öðrum svæðum. HÞ sendi út drög að umsögn við fjárlagafrumvarpið því þessi mál hanga saman, vsk. á baðlón og passi á GH. Annað mun valda því að uppbygging á landsbyggðinni mun stöðvast, hitt skapa efnahagslegar þrengingar á GH svæðinu. Hvernig eigum við að bregðast við þessu. Náttúrupassi eigi ekki að vera á GH heldur á alla staði úti á landi. Náttúrupassi fyrir allt Ísland þyrfti að kosta 5.000 kr til að dekka áætlað gjald í frumvarpinu og að það verði fallið frá hækkun vsk á baðlón. Þetta sé skaðaminnkandi fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Áhersla forsætisráðherra sé að minnka umfang ferðaþjónustu. Ef afkoma ríkissjóðs sé skoðuð þá hafi orðið tap á ríkissjóði 2004-2012, en afgangi verið byrjað að skila 2014 en á því tímabili tók ferðaþjónustan að vaxa. Vill leggja þetta fram sem skaðaminnkandi leið. Það sé alveg augljóst að það sé verið að fara að leggja skatt á okkur.

Ragnhildur: Markaðsstofum landshlutanna finnst öllum mjög skrítið að leggja þennan skatt á afmarkað landsvæði. Markaðsstofurnar hafa fundað með ráðuneytinu þar sem mikið hafi verið rætt um flækjustig með fjölda bílastæða þar sem innheimt eru gjöld og einfalda eigi kerfið með þessu, en það sé óskiljanlegt hvernig það eigi að virka til einföldunar. Ferðamenn séu með ákveðið fjármagn til að eyða og þegar ríkið ætli að taka þennan skerf þá minnki það sem verður notað í annað.

Helgi: Allir sammála um að þetta sé ómögulegt. Gott ef það kæmi hugmynd, en svo er spurning hvort það sé líklegt að ríkisstjórnin taki vel í tillögu frá öðrum. Þingmenn segja allir að SAF sé með í þessu, þeir nota SAF sem Grýlu.

Jóhannes: Atvinnuvegaráðuneytið opnara fyrir að taka við hugmyndum en fjármála- og forsætisráðuneytið og því séu mögulega tækifæri til að ná breytingum í gegn á meðan málið er enn í Samráðsgátt og ekki farið inn í þingið.

Jón Bj: Fyllist vonleysi, enginn skilningur yfir stöðunni. Er hóflega bjartsýnn á að hlustað verði á tillögur. Svo eru það baðlónin, sem er etv. alvarlegri skattlagning, það er að fara að kæla niður fjárfestingu. Skilningur þingmanna er enginn. Suðurland hefur ekki ráðherra við ríkisstjórnarborðið og ráðherrarnir ráða þessu. Þurfum að komast inn í það hringborð. Getum við keypt tíma með því að fá frest með baðlónin? Óska eftir meiri greiningu?

Haraldur Þór: Fram hefur komið að það verða lögð fram hallalaus fjárlög hvað sem það kostar. Tilfinning hans að vaskurinn sé stærra mál en passinn. Við þurfum að vera samstíga í umsögnum. Sumir geta sagt að það eigi að útvíkka til þjóðgarðanna, aðrir að það eigi að taka öll svæði ríkisins. En mikilvægt að árétta að fallið verði frá vsk. hækkuninni.

Bárður: Sérstök upplifun á fundinum með ráðherra. Ráðherra virtist byggja allt á rannsóknum síns teymis, en svo kemur í ljós að það eru engar rannsóknir. Reynslan þegar Fontana lokaði í 10 mánuði vegna framkvæmda var sú að allt dróst saman á Laugarvatni, gisting, veitingar, verslun. Staðhæft á fundinum að hækkunin yrði auglýsing fyrir svæðið, þetta er algert þekkingarleysi. Koma með staðhæfingar sem byggja ekki á neinu. Hamra þarf á því að þetta muni koma þeim í koll. Yfirlýst stefna Íslandsstofu að laða til sín velborgandi ferðamenn, sem við erum að gera með baðlónunum, vellíðunar-ferðamennska, það er afar sérstakt að fá þetta þá yfir sig. Innantómt og ekki byggt á rökum.

Ingunn: SASS hefur fjallað um þetta, eru að skrifa umsögn, bæði um passann og vsk-hækkun. Tekur undir það sem hefur komið fram, bendir á að skila umsögnum og taka undir umsagnir annarra.

Herbert: Það siglir í gríðarlegt tjón ef svo fer sem horfir. Sjá reynsluna með skemmtiferðaskipin, komum fækkaði mikið. Þetta gjald mun stuða þá sem gera út skemmtiferðaskipin og þau hætta að koma hingað. Erum að sigla inn í djúpan dal á þessu svæði.

Jóhannes: Áréttaði að mikilvægt sé að skila umsögnum. Sveitarfélögin ættu að óska eftir fundi með forsætis- og fjármálaráðherra. Gjaldtakan sé árás á svæðið. Nota þurfi staðreyndir og gögn en ekki tilfinningar. Greiðsluviljinn sé t.d. mjög óljós og fullyrðingar um hann byggi einungis á einni spurningu í könnun á vegum Íslandsstofu.

Fundi slitið kl. 17:00.